



25. stjórnarfundur LH

19. mars 2018 kl. 16:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, Sóley Margeirsdóttir fyrsti varamaður.

Fjarverandi: Eyþór Gíslason, Rúnar Bragason, Ingimar Ingimarsson, Stefán G. Ármannsson og Magnús Benediktsson.

1. Fundargerð 24. fundar lögð fram til samþykktar

- a. Samþykkt.

2. Ársreikningur LH – ÓP

Ítarlega farið yfir ársreikning á síðasta fundi. Gerðar voru þær breytingar á reikningnum sem óskað var eftir þá og sendur nýr ársreikningur á stjórnarmenn.

Varðandi reikning vegna gistingu afrekshóps á Hólum í nóvember 2017, þá ætlar LÁH að skoða málið.

Ársreikningur LH verður lagður fram til samþykktar á landsþingi á Akureyri í haust.

3. Bréf frá æskulýðsnefnd Geysis

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Stjórnarmenn óskuðu eftir nánari upplýsingum um sýninguna og spurðu hvort þetta væri samstarfsverkefni félaga á svæðinu, hvort væri frítt inn og hvort þetta væri svipað hugtak/hugmynd og sýningin Æskan & hesturinn sem haldin hefur verið um árabíl í Fáki og fyrir norðan sömuleiðis. Verður tekið fyrir þegar svör hafa borist.

4. Tímatökubúnaður LM – ÓP

Búnaðurinn er frá 2004 og er í eigu Landsmóts hestamanna ehf. Jóhann Valdimarsson hefur búnaðinn undir höndum og leigir hann út í nafni Landsmóts. Hann tekur gjald fyrir sína vinnu og rukkar félögin beint, sendir síðan lista til starfsmanna LH sem sendir eru reikningar eftir. Viðhald hefur verið lítið en Jóhann hefur borið þann kostnað að mestu sjálfur. Grunnhugmyndin var að leigan sem kæmi inn, myndi fara upp í viðhald búnaðarins. Stjórnarmenn sammála um að þessi mál væru í fínnum farvegi.

5. Kortasjá – AMP

AMP óskaði eftir upplýsingum um Kortasjá LH, hversu gömul hún væri, hversu miklir fjármunir hafi farið í verkefnið og hversu margir nýta sér hana að jafnaði.

ÓP hafði samband við Halldór H. Halldórsson formann ferða- og samgöngunefndar LH sem veitti honum upplýsingarnar.

Kortasjain kemur fyrst til notkunar 2008 og hafa um 36 milljónir farið í verkefnið síðan þá. Það eru um það bil 100 manns á viku sem opna Kortasjanna (tölur frá 2012). Stjórn leggur til að félögin kynni Kortasjanna betur fyrir sínum félagsmönnum, halda jafnvel kynningarfundum. Skrifstofa gæti í samráði við Halldór H. Halldórsson, sett saman upplýsingar til að senda á formenn félaga til kynningar á Kortasjanni. Einnig mætti á sama tíma kynna vegpósta sem víða hafa verið settir upp til merkinga við reiðleiðir hjá hestamannafélögum, t.d. í Spretti.



LÁH segir að Kortasjáin sé mikið notuð fyrir vestan (á Snæfellsnesi), menn sækja gps punkta til að nota í ferðum.

6. Hestadagar

- a. HKG skýrði uppgjör 2017 og voru fundarmenn sammála um að kostnaður LH væri of hár. Sett var fram kostnaðaráætlun fyrir 2018. Íslandsstofa er með tengilið í Reykjavíkurborg sem skrifstofa setur sig í samband við.

7. Námskeið í Sportfeng – JDB, HBH

- a. Fyrsta námskeiðið var haldið 12. mars í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Það var vel sótt eða um 60 manns sem voru skráðir.
- b. LH mun bjóða upp á námskeið í öllum landsfjórðungum. EJG, ÓÞ og SM, AMP munu halda námskeið á sínu svæði.
- c. AMP bendir á að ef til vill hefði verið gott að enn væri hægt að nota Kappa.

8. Rúlluplast í hesthúsaðverfum

- a. LÁH fékk fyrirspurn um það hvernig þessi mál væru leyst í hesthúsaðverfum. Það er misjafnt; í sumum félögum koma gámar reglulega, til dæmis hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega. Í sumum hverfum þurfa hesthúsaeigendur að fara sjálfir með plastið á endurvinnslustöð.

9. Skógarhólar – JDB

- a. Stjórn fékk senda vel unna kostnaðaráætlun að framkvæmdum vegna viðhalds á Skógarhólum frá Sæmundi Eiríkssyni í ferða- og samgöngunefnd LH. Sæmundur vann einnig nákvæma teikningu af húsinu og kort af svæðinu í kring.
- b. Næst er að biðja um tilboð í þennan framkvæmdapakka sem hljóðar upp á um 2,2 milljónir. Sæmundur mun biðja um tilboð frá framkvæmdaraðila.

Til kynningar og bókunar

1. Myndefni í WorldFeng – LÁH

- Norðmenn fyrstir til að kaupa áskrift af myndefninu í WF fyrir alla sína félagsmenn (u.þ.b. 2400 manns).

2. Sérstök úthlutun af reiðvegafé; Kortasjá og merkingar/fræðsluskilti

- Vegagerðin samþykkir tillögu LH um sérstaka úthlutun af reiðvegafé sem hér segir, sbr. neðangreint:
 - i. Skráning reiðleiða og rekstur Kortasjár: 3.500.000 kr.
 - ii. Merkingar reiðleiða á Kili og fræðsluskilti: 2.000.000 kr.

3. Fundur í Herning – LÁH sækir fund í Herning með formönnum á Norðurlöndum. Nánar síðar.

*Fleira ekki fært til bókar. Fundi slitið kl. 18:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*